

Greinargerð bandaríska fulltrúans: Tillagan borin fram m.a. vegna mótmæla helstu fiskveiði- þjóðanna í Evrópu

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA
Bandaríkjanna hér á landi skýrði í fréttapistli sínum í gær frá bandarísku tillögunni á Genfar-ráðstefnunni. Auk þess sem tillagan sjálf birtist þar í heild fylgir þar nokkur greinargerð fyrir stefnubreytingu Bandarík-anna í landhelgismálinu. Þar segir m. a.:

Ný tillaga Bandaríkjanna um 6 mílna landhelgi var borin fram í þeim einbeitta ásetningi að gera ráðstefnuna árangursríka.

Aðalfulltrúi Bandaríkjanna Arthur Dean skýrði frá því á fundi með fréttamönnum, að hin nýja tillaga fæli í sér nokkra undanlátssemi og förn varðandi þá gömlu stefnu Bandaríkjanna að halda fram þriggja mílna landhelgi. Þessi nýja tillaga, sagði hann, mun uppfylla þarfar margra ríkja, einnig ríkja sem nýlega hafa orðið sjálfstæð og sem höfðu verið andvígðum tillögum. Hann taldi að þessi nýja tillaga myndi njóta stuðnings % meirihluta.

Dean sagði, að bandaríska sendinefndin hefði komið á ráðstefnuna staðráðin í að stuðla að því að hún yrði árangursrík. Hann benti á það, að þetta væri í rauninni í fyrsta skipti frá stofnun Sameinuðu þjóðanna, sem þjóðir heims hefðu komið saman til að semja nýja alþjóðalögbók. Bandaríkjunum var það ljóst að mörg þátttökuríki á ráðstefnunni áttu við vandamál að stríða í þessu sambandi, bæði efnahagsvandamál, öryggismál og sumar þeirra eru mjög háðar fiskveiðum. Þegar bandarísku fulltrúarnir komu til ráðstefnunnar voru þeir reiðubúnir að leggja fram förnir, ef þörf gerðist í þágu friðar, framfara og samstarfs.


Þegar Bandaríkin ákváðu fyrst að styðja kanadíska tillöguna um þriggja mílna landhelgi með 9 mílna einkafiskveiðisvæði til viðbótar, eða samtals 12 mílur, þá var þar um mikla förn að

ræða, þar sem það er skoðun Bandaríkjamanna að þriggja mílna landhelgi sé réttast. En eftir ýtarlega athugun komumst við að því að hagsmunir hinna nýstofnuðu ríkja réttlættu þessa förn.

En það kom í ljós, að jafnvel þessi förn var ekki nægjanleg því að kanadíska tillögunni mótmæltu bæði ýmis nýstofnuð ríki og helztu fiskveiðiþjóðir Evrópu. Þess vegna, sagði Dean, ákváðu Bandaríkin að bera fram tillögu sína um 6 mílna landhelgi.

Hann lagði áherzlu á það, „að við Bandaríkjamenn höfum verið samstarfsfúsir við aðra á ráðstefnunni og viljað stuðla að því að þörfum annarra þjóða sé borgið.“ Hins vegar benti hann á það, að þær þjóðir sem hefðu komið á ráðstefnuna og krafist 12 mílna landhelgi hefðu hvergi gefið neitt eftir.

Dean lagði áherzlu á það, að þessi státtatillaga væri borin fram eingöngu til að stuðla að jákvæðum árangri ráðstefnunnar, en ekki til að prúttu með. Hún felur í sér förn af hálfu Bandaríkjanna og kvaðst Dean ekki sjá að nein tillaga kæmist eins langt og þessi í að sætta sjónarmiðin á ráðstefnunni.



Ásgerður Ester Búadóttir og Benedikt Gunnarsson

Brú á Hólmsá lokið


Höfn í Hornafirði 18. apríl. Nýlokið er smíði á Brú á Hólmsá á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu. Er það 68 metra stálbita-brú með trégólf. Smíðinni var að mestu lokið fyrir jól, en stál og gólf var sett í í þessum mánuði. Með brú þessari er tengdur saman vegur milli tveggja hreppa í sýslunni, Mýra- og Suðursveitar. Brúarsmíður var Jón Dagsson, Djúpavogi. — Gunnar.

Sálumessa Brahms

SÍÐUSTU háskólatónleikar þessa vetrar verða í hátíðasal háskólans á morgun, sunnudag 20. apríl og hefjast kl. 5 stundvíslega. Verður þá fluttur af hljómplötu-tækjum skólans síðari hlutinn af Sálumessu (Ein deutsches Requiem) eftir Brahms, en fyrri hlutinn var fluttur þar á sunnudaginn var. Í upphafi verða þó rifjaddir upp stuttir þættir úr fyrri köflunum. — Þetta er í senn eitt hátíðlegasta og vinsælasta verk kirkjulegrar tónlistar, en hefur aldrei verið flutt í heild sinni hér á landi. Það er hér flutt af dómkirkjukór og hljómsveit í Berlín, einsöngvarar Dietrich Fischer-Dieskau og Elizabeth Grümmer. Stjórnandi er Rüdolf Kempe.

Róbert A. Ottósson hljómsveitarstjóri skýrir verkið og leikur helztu stefin á flygil.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



Ragnar Karlsson, skákm. Keflavíkur

KEFLAVÍKURFLUGVELLI, 15. apríl — Í gærkvöldi lauk skákmóti Keflavíkur og sigraði Ragnar Karlsson í meistaraflokki og hlaut titilinn skákmeistari Keflavíkur 1958.

Hinn ungi skákmeistari er 22 ára gamall, Siglirföðurinn að upp- runa, en hefur starfað á Keflavíkurflugvelli sl. 5 ár.

Úrslit í meistaraflokki urðu þessi:

1. Ragnar Karlsson 4 vinninga, 2. Óli Karlsson 3½ v., 3. Borgþór H. Jónsson 3 v., 4. Jón Víglundsson 2½ v. (keppit sem gestur á mótinu) og 5.—6. Gunnar Sigurjónsson og Hörður Jónsson með 1 vinning hvor.

Í 1. flokki sigraði Magnús Gísli son með 4½ vinning og í 2. flokki vann Gísli Ellerup allar sínar skákir og hlaut því 6 vinninga. Gísli er mjög efnilegur skákmaður, aðeins 14 ára að aldri. — BÞ.

Fjárhagsáætlun Reykjavíkur afgreidd, þegar „úrræðin“ liggja fyrir

Á FUNDI bæjarstjórnar Reykjavíkur á fimmtudag gerði Þórður Björnsson, bæjarfulltrúi Framsóknarmanna, athugasemd út af því, að ekki hefur farið fram síðari umræða um fjárhagsáætlun bæjarins. Vitnaði hann í ákvæði 2. gr. útsvarslaganna um, að áætlunin skyldi gerð fyrir nóvemberlok og taldi allar fjármálaráðstafanir bæjarins nú hvíla á hægnum grunni.

Borgarstjóri kvað ákvæði útsvarslaganna hafa verið dauðan bókstaf í áratugi. Reykjavík afgreiddi fjárhagsáætlun sína yfirleitt á undan öðrum bæjarfélögum. Þó hefði lengi verið sam-

komulag allra flokka um að afgreiða ekki áætlunina þá vetur, er kosningar eru, fyrir en í febrúar en heimila bráðabirgðagreiðslur. Nú hefði það dregið lengur, þar sem þótt hefði nauðsynlegt að bíða eftir ráðstöfun um ríkisstjórnar og þings í efnahagsmálum. Hugsanlegt væri, að þær hefðu í för með sér verulega hækkun vísitölunnar, en hvert nýtt vísitölustig hækkaði útgjöld bæjarins um ½ millj. kr. Kvað borgarstjóri ekki hafa verið annars kostur en bíða — eða eiga á hættu að þurfa að gera viðbótaráætlun og leggja á nýjar álögur síðar á árinu. Sagði hann, að allt bæjarráðið hefði viljað velja fyrri kostinn, þ. á. m. „bæjarráðsmaður Framsóknarmanna“ Guðmundur Vigfússon.

Fræðslustofnun launþega

ALÞYÐUFLOKSMENNIRNIR í efri deild Alþingis, Eggert Þorsteinsson og Friðjón Skarphéðinsson, hafa lagt fram lagafrumvarp um fræðslustofnun launþega. Skal hún veita trúnaðarmönnum og öðru félagsfólki verkalýðsfélaga og annara launþegasamtaka ýmiss konar fræðslu. Í því skyni skal stofnunin reka Félagsmálaskólann, er starfa skal í stuttum eða löngum námskeiðum, er halda má á ýmsum stöðum á landinu, og stofnunin skal einnig gangast fyrir almennu fræðslustarfi. Kostnaður skal greiddur af ríkissjóði eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, þremur kjörnum af miðstjórn Alþýðusambandsins, einum kjörnum af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og einum skipuðum af menntamálaráðherra.

Bæjarútgerðin leggi áherzlu á saltfisksframleiðslu

Er hagkvæmt fyrir útgerðina og veitir mikla vinnu

Í FYRRA mánuði flutti Guðmundur J. Guðmundsson tillögu í bæjarstjórn Reykjavíkur um að skora á fjárfestingaryfirvöldin að veita nauðsynleg leyfi til að unnt væri að hefjast handa við byggingu hraðfrystihúss bæjarútgerðarinnar. Jafnframt skyldi undirbúningi framkvæmda hrað- að, þ. á. m. fjárföflun.

Forstjórar bæjarútgerðarinnar sömdu greinargerð um málið og sendu borgarstjóra. Fer greinargerðin hér á eftir í heild:

„Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 7. marz 1958, varðandi tillögu hr. Guðmundar J. Guðmundssonar, bæjarfulltrúa, sem borin var fram á fundi bæjarstjórnar 6. marz 1958, um framhaldsundirbúning að byggingu hraðfrystihúss, leyfum vér oss að taka eftirfarandi fram:

Vér höfum að undanfögnu leit- að fyrir oss um lánsfé til byggingar frystihúss, en ekki orðið á- gengt. Teljum vér að fyrsta skil- yrðið fyrir áframhaldandi undir- búningsframkvæmdum sé, að tryggt hafi verið nægilegt fjár- magn til byggingarframkvæmd- anna.

Tafir þær, sem orðið hafa á undirbúningsframkvæmdum, — hafa þó ekki komið að sök, þar sem mikil aukning á saltfiskverk- un stendur nú fyrir dyrum. Sam- ið hefur verið um sölu á 3.000 smálestum af verkuðum saltfiski á markað, þar sem Íslendingar

hafa ekki selt áður, og mun veru- legur hluti af saltfiskútflutningi þessum koma í hlut fiskverknar- stöðvar Bæjarútgerðar Reykja- víkur, þar sem saltfiskframleiðsla flestra annarra fiskframleiðenda hefur dregið mjög saman eða lagzt niður með öllu, aðallega vegna aukins frystihúsakosts.

Fyrirsjáanlegt er, að starfsemi saltfiskverknarstöðvar Bæjar- útgerðar Reykjavíkur muni stór- lega aukast í ár, meðal annars vegna þess, að hún mun taka til verknar fisk veiddan á Græn- landsmiðum, sem áður hefur þurft að flytja út í óverkuðu ástandi.

Fullyrða má, að við framan- greindan sölusamning, um 3.000 tonn af verkuðum saltfiski, verður ekki hægt að standa, nema með stóruaukinni þátttöku Bæjar- útgerðar Reykjavíkur í verkun saltfisks.

Af framangreindu er ljóst að miklu minna magn af afla togara Bæjarútgerðar Reykjavíkur en áður mun verða selt í óunnu ástandi.

Eins og málum er nú háttað, teljum vér hagkvæmt að leggja áherzlu á saltfiskveiðar og salt- fiskverkun, þar sem saltfiskverk- unin veitir mun meiri atvinnu, en ef fiskurinn er hraðfrystur, auk þess hefur það mikla þýðingu í þessu sambandi, að næstum öll saltfiskframleiðslan er greidd með svokölluðum „hörðum gjald- eyri“, sem þjóðina vanhagar mjög um, þar sem með honum eru gerð miklum mun hagkvæmari innkaup en með gjaldeyri „clear- ing“-viðskipta.

Eins og sakir standa virðist oss skipta mestu máli:

1. Að haga rekstri Bæjarútgerð- arinnar þannig, að hún geti veitt sem mesta atvinnu, þegar þess er helzt þörf, en það er einkum á sumrin, þegar fjöldi nemenda úr skólum leitir eftir atvinnu.

Aukin verkun á saltfiski og harðfiski á vegum Bæjarútgerð- arinnar er að voru álitit bezta leiðin til úrbóta í þessu efni.

2. Að sem verðmætastur og notadrygstur gjaldeyri fái fyr- ir framleiðsluna, en eins og hög- um er háttað, skortir þjóðina mjög tilfínanlega vestrænan gjaldeyri, en saltfisk- og harð- fiskframleiðslan er að mestu leyti greidd í þeim gjaldeyri.

3. Að sít er óhagkvæmari fyrir Bæjarútgerðina að framleiða og verka saltfisk og harðfisk, held- ur en að láta aflann til hrað- frystingar hjá öðrum eða í eigin frystihús, ef miðað er við fjár- hagsafkomu útgerðarinnar. Hins vegar veitir saltfisk- og harðfisk- verkunin mun meiri atvinnu, en ef aflinn færi til hraðfrystingar.

Útgerðarráð féllst á álitgerð forstjóranna með 4 atkv. gegn 1 (atkvæði Guðm. J. Guðmundssonar). Á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag var rætt um málið. Bæjarfulltrúi Sjálfstæðismanna lögðu til, að það yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá með tilvísun til greinargerðar forstjóranna og ályktunar útgerðarráðs. Frávisun artillagan var samþykkt með 11 atkv. gegn 4.

Leiti, Múlar og Mýrar

Á BÆJARSTJÓRNARFUNDI á fimmtudaginn voru samþykkt eftirfarandi nöfn á nýjum götum í Háaleitishverfinu:

Stóragerði, Skálagerði, Brekku- gerði, Smáagerði, Háaleitisbraut, Hvassaleiti, Varmaleiti, Efsta- leiti, Ofanleiti, Vallarleiti, Slétta- leiti, Fellsmúli, Brautarmúli, Veg- múli, Heiðarmúli, Safamýri, Star- mýri, Álftamýri, Lágsmúli og Hallarmúli.

Sýning á myndvefnaði og gler- myndum í Sýningarsalnum

Í DAG verður opnuð í Sýningar- salnum við Hverfisgötu sýning á listaverkum þeirra Ásgerðar Esterar Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar. Ásgerður Ester sýnir myndvefnaði og eru 10 verk eftir hana á sýningunni. Benedikt á sýningunni eru gler- myndir, 26 að tölum. Sýningin verður opnuð kl. 5 í dag og verður opin frá kl. 2—10 daglega til 1. maí.

Þetta er í fyrsta sinn, sem Ásgerður e.nir t. sjálfstæðrar sýn- ingar Hú. h. hóf nám í Hæddi- og myndlistaskólunum, en innritað- ist haustið 1946 í Konunglega Akademið í Kaupmannahöfn og ákvaðst hún myndlistanám. Ákvaðst hún myndlistanám næstu þrjá vetur. Hefir Ásgerður lagt stund á myndvefnaði, síðan hún kom heim, og hefir átt verk á nokkrum sýningum, m.a. á norrænu sýningunni í Gautaborg, en þar var henni boðið að sýna þrjá vefnaði. Einnig átti hún

vefnaði á alþjóðlegu sýningunni í München sumarið 1956 og hlaut þá gullverðlaun sýningarinnar fyrir eina mynd sína.

Benedikt hefir ekki sýnt gler- myndir áður, en hann hefir sl. ár fengið við að mála gler. Hefir Benedikt áður sýnt málverk á samsýningum í Sýningarsalnum og hefir í hyggju að setja upp stóra einkasýningu í haust.

Árið 1949 lauk Benedikt námi við Handiða- og myndlistaskól- ann. Stundaði síðan nám við Listaháskólann og Ríkislista- safnið í Kaupmannahöfn og dvaldist um skeið á Frakklandi og Spáni. Hélt hann fyrstu sjálf- stæðu málverkasýningu sína 1953 í Galerie Saint Placid í París, og árið eftir hélt hann sjálfstæða sýningu í Listamannaskálanum. Hefir hann tekið þátt í mörgum samsýningum ísl. myndlistar- manna hérlandis og erlendis.